

Reglur um akstursþjónustu fyrir eldri borgara á þjónustusvæði félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu

1. gr.

Lagagrundvöllur, markmið, þjónustusvæði og málsmæðferðarreglur

Markmið með akstursþjónustu fyrir eldri borgara á þjónustusvæði félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu er að stuðla að velferð eldri borgara á þjónustusvæðinu og gera þeim kleift að búa lengur á eigin heimili sbr. X. kafla laga um félagsþjónustu nr. 40/1991. Miðað er við að akstursþjónustan sé veitt innan marka þess sveitarfélags þar sem þjónustunotandi á lögheimili en þó er heimilt að víkja frá því í undantekningartilfellum, ef nauðsyn ber til, og sýnt er fram á þörf þjónustunotanda til akstursþjónustu utan lögheimilissveitarfélags.

Um málsmæðferð stjórnsýslumála skv. reglum þessum fer samkvæmt ákvæðum í XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Félagsþjónustan ber ábyrgð á akstursþjónustu fyrir eldri borgara og hefur framkvæmdastjóri félags- og skólaþjónustu yfirumsjón með henni.

2. gr.

Umsókn um akstursþjónustu

Umsókn um akstursþjónustu skal berast Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Umsóknareyðublað er aðgengilegt á heimasíðu félagsþjónustu á slóðinni www.felagsmal.is, á skrifstofu félagsþjónustunnar og skrifstofum aðildarsveitarfélaganna.

Í umsókn skulu koma fram almennar upplýsingar um umsækjanda og aðstæður hans, óskir um fjölda ferða og í hvaða tilgangi stendur til að nýta þær. Ef óskað er eftir akstursþjónustu utan lögheimilissveitarfélags umsækjanda skal umsækjandi gera sérstaka grein fyrir nauðsyn þjónustunnar. Með umsókn skal leggja fram gögn þar sem sýnt er fram á að umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir því að fá þjónustuna og eftir atvikum önnur gögn sem sýna fram á þörf fyrir akstursþjónustu.

Starfsmaður félagsþjónustu skal veita aðstoð við útfyllingu umsóknar og leiðbeinir um nauðsynleg fylgigögn umsóknar ef eftir því er leitað. Meðferð umsóknar um akstursþjónustu og öflun upplýsinga skal fara fram í samvinnu og samráði við umsækjanda.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður félagsþjónustu bjóða umsækjanda ráðgjöf eftir því sem við á og veita upplýsingar/leiðbeiningar um réttindi sem hann kanna að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður félagsþjónustu einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um akstursþjónustu.

3. gr. Meðferð umsókna

Umsókn ásamt fylgigögnum skal lögð fyrir meðferðarfund félagsþjónustu til afgreiðslu. Meðferðarfundur félagsþjónustu ákveður hvort umsókn skuli samþykkt eða hvort henni skuli synjað að hluta eða í heild. Umsókn skal almennt svarað skriflega innan fjögurra vikna frá því að hún berst eða frá því að fullnægjandi upplýsingar/gögn liggja fyrir með umsókn ef það hefur ekki legið fyrir þegar umsókn var skilað. Félagsþjónusta skal tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin um veitingu akstursþjónustu.

Ákvörðun um veitingu akstursþjónustu skal almennt vera tímabundin en ef fyrirsjáanlegt er að aðstæður umsækjanda um akstursþjónustu munu vera óbreyttar og þörf hans fyrir akstursþjónustu stöðug er heimilt að ákveða að gildistími ákvörðunar sé ótímabundin.

Þegar umsókn um akstursþjónustu er hafnað í heild eða að hluta skal veita umsækjanda skriflegan rökstuðning fyrir höfnun umsóknar sem uppfyllir skilyrði 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í rökstuðningi skulu tiltekin þau skilyrði sem umsækjandi uppfyllir ekki til þess að fá akstursþjónustu og eftir atvikum gerð grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem voru ráðandi við mat á umsókn. Samhliða höfnun umsóknar skal umsækjanda kynntur réttur til áfrýjunar ákvörðunar innan 4 vikna til stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Þá skal leiðbeina um rétt til kæru til úrskurðarnefndar velferðarmála innan 3 mánaða frá því að endanleg ákvörðun lá fyrir.

Meðferðarfundur félagsþjónustu getur ávallt vísað umsókn til meðferðar hjá stjórn Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs.

4. gr. Skilyrði akstursþjónustu

Akstursþjónusta skal veitt íbúum með lögheimili á þjónustusvæði félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu sem eru 67 ára og eldri, að uppfylltum neðangreindum skilyrðum.

Um akstursþjónustu við íbúa á þjónustusvæði félagsþjónustunnar, 67 ára og eldri, sem eingöngu geta komist ferða sinna í sérútbúnum bifreiðum fer samkvæmt reglum félagsþjónustunnar um akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Akstursþjónusta er ekki veitt ef um umsækjanda gildir eftirtalið:

1. Umsækjandandi dvelur á stofnun s.s. hjúkrunarheimili og þarf að leita þjónustu utan stofnunarinnar, s.s. sérfræðilæknishjálpar, rannsókna og sjúkraþjálfunar, sbr. ákvæði 14. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 þar sem fram kemur að slíkum stofnunum beri að tryggja að þar sé veitt hjúkrunar- og lækniþjónusta auk endurhæfingar.
2. Umsækjandi er skráður fyrir farartæki.

3. Umsækjandi getur nýtt almenningssamgöngur.

5. gr.

Ákvörðun um umfang akstursþjónustu

Uppfylli umsækjandi skilyrði 4. gr. fyrir akstursþjónustu skal umfang akstursþjónustu ákveðið með hliðsjón af þörfum, getu og færni umsækjanda. Við mat á umsókn og þörf á akstursþjónustu er einkum stuðst við þau gögn sem umsækjandi leggur fram með umsókn og önnur gögn sem kann að vera aflað við málsmeðferðina.

Almennt skal miðað við að heildarfjöldi ferða hvers þjónustunotanda, í hverjum mánuði, sé ekki meiri en 16 ferðir að jafnaði þ.e. þegar allar ferðir akstursþjónustu eru tilteknar. Ein ferð er í reglum þessum skilgreind sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur á tiltekinn stað og til baka.

Ferðir vegna forgangserinda skal almennt samþykkja innan framangreinds hámarksferðafjölda en miða skal við að fylgigögn/upplýsinga með umsókn sýni fram á nauðsyn þjónustunotanda á ferðum. Við ákvörðun um fjölda ferða til annarra erinda en forgangserinda skal miða við að þær séu nýttar til þess að rjúfa félagslega einangrun. Ferðir til reglulegra og skipulagðra tórstunda ganga fyrir öðrum ferðum.

Forgangsferðir eru vegna eftirtalinna erinda:

- Ferðir vegna heilbrigðisþjónustu
- Ferðir vegna matarinnkaupa (hámark 1 ferð í viku)

Aðrar ferðir

- Persónuleg umhirða eins og t.d. hársnyrting/fótsnyrting (hámark 1 ferð í mánuði)
- Tórstundir (hámark 8 ferðir í mánuði)
- Afþreying (hámark 2 ferðir í mánuði)

Þjónustunotendum akstursþjónustu er heimilt að taka með sér einn aðstoðarmann í hverja ferð og skal upplýst um slíkt í umsókn eða þegar ferð er pöntuð.

Félagsþjónusta mun leitast við að samnýta ferðir eins og kostur er en jafnframt leitast eftir sveigjanleika á fyrirkomulagi þjónustunnar.

Akstursþjónusta fyrir þjónustunotendur skv. reglum þessum fer fram alla virka daga frá kl. 8:00 - 18:00 en akstur fer ekki fram um helgar, frídögum eða á stórhátíðardögum.

6. gr.

Gjald fyrir akstursþjónustu

Um gjald akstursþjónustu skv. reglum þessum vísast til gildandi gjaldskrár akstursþjónustu fyrir eldri borgara á starfsvæði Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Aðstoðarmaður þjónustunotanda sem fer með akstursþjónustu greiðir sama gjald og þjónustunotandi.

7. gr.

Um framkvæmd akstursþjónustu

Þjónustunotandi akstursþjónustu skal panta ferð með hæfilegum fyrirvara og tilgreina hvort aðstoðarmaður fari með farþega í ferðina. Notendur skulu veita upplýsingar um reglulegar ferðir á fyrirfram ákveðnum tímum þannig að unnt sé að leita hagræðingar við skipulagningu ferða.

Þjónustunotendur skulu leitast við að vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma en ekki er hægt að tryggja að bifreið bíði eftir þjónustunotanda, sé þjónustunotandi ekki tilbúinn þegar bifreið kemur. Biðtími má aldrei fara yfir 10 mínútur. Bifreiðarstjóri bíður ekki meðan þjónustunotandi sinnir erindum og bifreiðarstjóra er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur. Þjónustunotanda er heimilt að óska eftir aðstoð bifreiðarstjóra við að komast að og frá bifreið og með farangur, eftir þörfum.

Afpöntun ferðar skal gerð með sem mestum fyrirvara en þó aldrei styttri fyrirvara en 3 klukkustundum, að öðrum kosti telst ferðin hafa verið farin og ber notanda að greiða gjald fyrir hana skv. gjaldskrá.

8. gr.

Endurskoðun akstursþjónustu

Félagsþjónusta er heimilt að endurskoða ákvörðun um akstursþjónustu þjónustunotanda ef aðstæður/þarfir breytast hjá þjónustunotandanum eða réttur til akstursþjónustu breytist. Þjónustunotanda skal þá tilkynnt um meðferð slíks máls í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og honum veittur andmælaréttur. Félagsþjónusta skal upplýsa umsækjanda um það með tveggja mánaða fyrirvara þegar ákvörðun um veitingu akstursþjónustu fellur úr gildi.

9. gr.

Áfrýjun ákvörðunar um höfnun akstursþjónustu og kæruleiðir

Sé umsókn um akstursþjónustu hafnað að heild eða að hluta er umsækjanda heimilt að áfrýja ákvörðun til stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs., ef meðferðarfundur félagsþjónustu hefur tekið ákvörðunina, innan 4 vikna frá því að umsækjanda var kynnt um ákvörðun.

Ákvörðunum skv. reglum þessum er unnt að skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að tilkynning barst umsækjanda um endanlega ákvörðun.

10. gr.

Um endurskoðun og gildistöku

Reglur þessar skulu almennt endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Reglur þessar tóku gildi þann 26.febrúar 2024 og gilda um þær umsóknir um akstursþjónustu fyrir eldri borgara (67 ára og eldri) sem berast eftir þann tíma.